

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, þróunaráætlun miðborgar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 6. júlí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytt er afmörkun svæðis sem fellur undir miðborg og miðhverfi í miðborg Reykjavíkur. Breytingin er sýnd á skipulagsuppdrátti og korti í skipulagsgreinargerð, merkt 2. kort. Svæðinu er skipt í þrjár tegundir undirsvæða, miðborgarkjarna, atvinnusvæði og verslunarsvæði og er gerð ítarleg grein fyrir notkun innan hvers undirsvæðis í skipulagsgreinargerð. Skiptingin í undirsvæði er sýnd á korti í skipulagsgreinargerð, merkt 3. kort.

Skipulagsgreinargerð og skipulagsuppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 6. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

5. júlí 2000

Nr. 514

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 231/1995, um Listasafn Íslands.

1. gr.

6. gr. orðast svo:

Meginsvið Listasafnsins eru tvö, þ.e. safnsvið og rekstrarsvið. Safnsvið heyrir beint undir forstöðumann safnsins, en sérstakur yfirmaður rekstrarsviðs annast daglega stjórn þess sviðs undir yfirumsjón forstöðumanns og er jafnframt deildarstjóri fjármáladeildar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 5. júlí 2000.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.